

Aðfangi

Erindi nr. D 117/48

komudagur 8 / 11 1993

Greinargerð

**um fækkun sýslumannsembætta og
sameiningu héraðsdómstóla á Norðurlandi**

Nóvember 1993

**Starfshópur á vegum
dómsmálaráðuneytis og
fjármálaráðuneytis**

1. Inngangur	2
1.1 Lagagrunnur	3
1.2 Starfsmannamál	4
2. Sýslumannsembættin á Akranesi og Borgarnesi	5
2.1 Starfsemi sýslumannsembættisins á Akranesi	5
2.2 Starfsemi sýslumannsembættisins í Borgarnesi.....	5
2.3 Forsendur sameiningar	5
3. Sýslumannsembættin í Stykkishólmi og Búðardal	7
3.1 Starfsemi sýslumannsembættisins í Stykkishólmi	7
3.2 Starfsemi sýslumannsembættisins í Búðardal.....	7
3.3 Forsendur sameiningar	8
4. Sýslumannsembættin á Ísafirði og í Bolungarvík	9
4.1 Starfsemi sýslumannsembættisins á Ísafirði	9
4.2 Starfsemi sýslumannsembættisins í Bolungarvík.....	9
4.3 Forsendur sameiningar	9
5. Sýslumannsembættin á Akureyri og Ólafsfirði	11
5.1 Starfsemi sýslumannsembættisins á Akureyri	11
5.2 Starfsemi sýslumannsembættisins á Ólafsfirði	11
5.3 Forsendur sameiningar	11
6. Sýslumannsembættin á Eskifirði, Seyðisfirði og Neskaupstað	13
6.1 Starfsemi sýslumannsembættisins á Eskifirði.....	13
6.2 Starfsemi sýslumannsembættisins á Seyðisfirði	13
6.3 Starfsemi sýslumannsembættisins á Neskaupstað.....	14
6.4 Forsendur sameiningar	14
7. Sýslumannsembættin á Hvolsvelli og Vík	16
7.1 Starfsemi sýslumannsembættisins á Hvolsvelli	16
7.2 Starfsemi sýslumannsembættisins í Vík	16
7.3 Forsendur sameiningar	16
8. Embætti á höfuðborgarsvæðinu	18
8.1 Embætti sýslumannsins í Reykjavík.....	19
8.2 Embætti lögreglustjórans í Reykjavík	20
8.3 Tryggingastofnun ríkisins.....	20
8.4 Gjaldheimtan og Tollstjórinn í Reykjavík vegna innheimtu	20
8.5 Tollstjórinn í Reykjavík.....	21
8.6 Sparnaður	21
9. Dómstólar á Norðurlandi	22
10. Samantekt	23

1. Inngangur

Í frumvarpi til fjárlaga 1994 er boðað að sýslumannsembættum verði fækkað um níu þ.á.m. með sameiningu sýslumannsembættanna á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess er gert ráð fyrir að sameina héraðsdómstólana á Norðurlandi. Þessar ráðagerðir hafa verið gagnrýndar m.a. á þeim forsendum að með þeim muni þjónusta minnka og dregið er í efa að sá sparnaður sem að er stefnt náist.

Þar sem fyrirhugaðar breytingar varða ráðuneyti dómsmála og fjármála miklu var ákveðið að mynda starfshóp ráðuneytanna tveggja til að yfirfara helstu forsendur frumvarps til fjárlaga 1994 hvað þetta mál varðar og fram komnar athugasemdir. Í starfshópnum voru Dagný Leifsdóttir og Þorsteinn A Jónsson frá dómsmálaráðuneyti, Jón Magnússon og Jón Steingrímsson frá fjármálaráðuneyti og Haukur Ingibergsson frá Hagsýslu ríkisins. Í starfi sínu hafði hópurinn samband við einstaka sýslumenn og nefnd sem skipuð var af stjórn Sýslumannafélagsins.

Starfshópurinn skipti viðfangsefninu í átta verkþætti sem eru óháðir hver öðrum í þeim skilningi að sameiningu embættanna getur farið fram í hverju tilviki fyrir sig óháð sameiningu annarra embættanna. Þær breytingar sem starfshópurinn fjallaði um eru:

1. Sameining sýslumannsembættisins í Borgarnesi við sýslumannsembættið á Akranesi.
2. Sameining sýslumannsembættisins í Búðardal við sýslumannsembættið í Sykkishólmi.
3. Sameining sýslumannsembættisins í Bolungarvík við sýslumannsembættið á Ísafirði.
4. Sameining sýslumannsembættisins á Ólafsfirði við sýslumannsembættið á Akureyri.
5. Sameining sýslumannsembættanna á Seyðisfirði og Neskaupstað við sýslumannsembættið á Eskifirði.
6. Sameining sýslumannsembættisins í Vík við sýslumannsembættið á Hvolsvelli.
7. Samræming stjórnsýslu á höfuðborgarsvæðinu og flutningur verkefna sýslumannsembættanna í Hafnarfirði og Kópavogi til stofnana sem nú annast viðkomandi verkefni í Reykjavík.
8. Sameining héraðsdómstólanna á Norðurlandi.

Starfshópurinn fór yfir forsendur frumvarps til fjárlaga 1994 hvað varðar sameiningu embættanna og fór yfir útreikninga þar að lútandi og gerir í nokkrum tilvikum tillögur um breytingar á framlagi af fjárlögum. Einnig gerir starfshópurinn grein fyrir rekstrarkostnaði útibúa, komi slík starfsemi í stað þeirra sýslumannsembættanna sem lögð verða niður utan Reykjavíkur. Reynsla af slíkum útibúum er þegar fyrir hendi í Ólafsvík, Dalvík, Vopnafirði, Egilsstöðum og Djúpavogi.

Á höfuðborgarsvæðinu er breytingin annars eðlis og gengur út á að koma á einni stjórnsýsluskipan á höfuðborgarsvæðinu og deila verkefnum sýslumanna í Kópavogi og Hafnarfirði niður á sýslumanninn, lögreglustjórann, Gjaldheimtuna og Tollstjórann í Reykjavík auk Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig hefur starfshópurinn metið líklegar tekjur ríkissjóðs af sölu embættisbústaða og skrifstofuhúsnæðis vegna þessara breytinga. Ekki er metinn sparnaður sem væntanlega má ná fram í rekstri lögreglubifreiða, sparnaði í fyrirsjáanlegu viðhaldi embættisbústaða og skrifstofuhúsnæðis auk fjárfestinga við tölvuvæðingu og nettengingu.

1.1 Lagagrunnur

Í 11. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989 eru tilgreind stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og aðsetur þeirra. Í greininni segir jafnframt að umdæmi sýslumanna skulu ákveðin með reglugerð. Í núgildandi reglugerð nr. 57/1992 eru talin upp þau sveitarfélög sem tilheyra hverju sýslumannsembætti.

Í því frumvarpi sem fyrirhugað er að leggja fyrir Alþingi vegna sameiningar sýslumannsembætta er lagt til að áðurgreindri 11. gr. verði breytt þannig að felld eru úr greininni 9 aðsetursstaðir sýslumanna. Jafnframt er fyrirhugað að breyta reglugerðinni og tilgreina þau sveitarfélög sem tilheyra þeim embættum sem lögð eru niður undir aðseturstað viðkomandi sýslumanns.

Í umræðu um fækkun sýslumannsembætta hafa verið notuð tvö hugtök sem geta valdið misskilningi þ.e. "sameining sýslumannsembætta" og "niðurlagning sýslumannsembætta". Þeir sem tala um sameiningu sýslumannsembætta skilja það svo að stofnað verði nýtt embætti með samruna tveggja eða fleiri þ.e. að bæði eldri embættin séu lögð niður og eitt stofnað. Með niðurlagningu sýslumannsembættis er átt við að einungis það embætti sem hætt verður að starfrækja sé lagt niður og verkefni þess falin öðrn embætti.

Dómsmálaráðuneytið telur að með þeirri breytingu sem lögð er til á áðurgreindri 11. gr. aðskilnaðarlaga séu þau embætti sem ekki eru talin upp í breytingartillögunni lögð niður. Sá skilningur byggist m.a. á því að ekki sé unnt að telja embætti sem til er fyrir og eftir breytingu sem niðurlagt og að samkvæmt ákvæðinu er heimilt að ákvarða umdæmi sýslumanna með reglugerð. Þótt fleiri sveitarfélög verði talin falla undir eitthvert sýslumannsembætti en ákvarðað var í upphafi hefur það ekki þau áhrif að til verði nýtt embætti, heldur er umdæmi þess sem fyrir er útvíkkað.

Öll störf hjá því embætti sem lagt er niður verða lögð niður við breytinguna. Þetta þýðir m.a. að þótt ákveðið sé t.d. að hafa óbreytta löggæslu í umdæmi sem leggja á niður verður að tilkynna viðkomandi lögreglumönnum um niðurlagningu stöðu þeirra, en í slíkum tilvikum er jafnframt unnt að gefa þeim kost á á sambærilegu starfi hjá nýjum húsbónda. Sé slíku boði hafnað á viðkomandi starfsmaður ekki rétt á biðlaunum, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

1.2 Starfsmannamál

Við sameiningu stofnana næst hluti hagræðingar með fækkun starfa. Við sameiningu sýslumannsembættta verður fækkunin fyrst og fremst meðal stjórnenda og skrifstofufólks. Gert er ráð fyrir að alls fækki störfum hjá embættum utan höfuðborgarsvæðisins um 28,5. Þar af eru 7 störf sýslumanna. Fyrirhugað er að leggja niður 66 störf í yfirstjórn og á skrifstofum sýslumannanna í Hafnarfirði og Kópavogi en þar á móti komi fjölgun um 16 störf hjá sýslumanninum í Reykjavík auk þess sem gera má ráð fyrir minniháttar fjölgun hjá öðrum stofnunum sem við verkefnum taka.

Mikilvægt er að stjórnvöld veiti þeim sem missa atvinnu sína vegna þessara skipulagsbreytinga aðstoð m.a við að finna sér aðra atvinnu.

2. Sameining sýslumannsembættisins í Borgarnesi við sýslumannsembættið á Akranesi

Í frumvarpi til fjárlaga 1994 er miðað við að sýslumannsembættið í Borgarnesi verði lagt niður frá og með 1. mars 1994 og stjórnsýsluumdæmi embættisins sameinist stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins á Akranesi.

2.1 Starfsemi sýslumannsembættisins á Akranesi

Á þjónustusvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 5.272 íbúar. Skrifstofa sýslumanns er í leiguhúsnæði að Suðurgötu 57, 291 m². Skrifstofan er opin kl. 9:30-15:30, lokað er í hádeginu. Á skrifstofunni eru 10,25 störf. Í umdæminu er enginn hreppstjóri.

Lögreglan er í húsnæði í eigu ríkisins að Þjóðbraut 13, 412 m² auk 290 m² geymsluhúsnæðis. Í lögreglunni eru 11 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 09:00-05:00.

2.2 Starfsemi sýslumannsembættisins í Borgarnesi

Á þjónustusvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 3.960 íbúar. Skrifstofa sýslumanns og aðsetur lögreglu er í húsnæði í eigu ríkisins að Bjarnarbraut 2, um 1000 m² auk 308 m² embættisbústaðar að Helgugötu 5. Auglýstur opnunartími er kl. 09:30-15:30, en skrifstofan er þó opin frá kl. 08:00-15:30. Opið er í hádeginu. Á skrifstofunni eru 8,25 störf. Í umdæminu eru 15 hreppstjórar.

Í lögreglunni eru 7 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 10:00-01:00. Í umdæminu eru 3 héraðslögreglumenn.

2.3. Forsendur sameiningar

Gert er ráð fyrir að við hið stækkaða embætti sýslumannsins á Akranesi verði 14 störf á skrifstofu og 15 störf í lögreglu auk 15 hreppstjóra og 3 héraðslögreglumanna. Á skrifstofu fækkar því um 4,5 störf og í lögreglu um 3 störf frá því sem nú er. Fyrirhugað er að lögregluvarðstofa verði í Borgarnesi. Samið hefur verið um að byggja nýtt stjórnsýsluhús á Akranesi og er ráðgert að skrifstofa sýslumanns flytjist þangað vorið 1995 og fái 500 m² til umráða. Þá verði leigusamningi um núverandi skrifstofuhúsnæði sagt upp. Áætlað er að húsnæðisnotkun í Borgarnesi minnki um 500 m² við sameiningu. Gert er ráð fyrir að selja embættisbústað í Borgarnesi.

Tafla 2.1 Fjárveitingar til sýslumannsembættis á Akranesi og Borgarnesi (í m.kr.)

	Akranes	Borgarnes	Samtals
Fjárlagaheimild 1993			
Yfirstjórn	28,6	24,0	52,6
Löggæsla	33,4	25,7	59,1
Samtals	62,0	49,7	111,7
Frumvarp 1994			
Yfirstjórn	38,8	6,4	45,2
Löggæsla	48,9	3,1	53,2
Samtals	88,9	9,8	98,7
Áætlaður rekstrar- kostnaður 1995			
Yfirstjórn	---	---	36,3
Löggæsla	---	---	53,6
Samtals	---	---	89,9

Starfshópurinn gerir tillögu um að framlag á fjárlögum 1994 til yfirstjórnar í Borgarnesi hækki, einkum vegna biðlauna og orlofs um 3,6 m.kr. og verði 10,0 m.kr. Vegna breyttra forsendna um starfsmannaþörf er lagt til að framlag til yfirstjórnar á Akranesi verði aukið um 2,1 m.kr. Verði skrifstofuútibú starfrækt í Borgarnesi eftir 1. mars er gert ráð fyrir að starfsemi þess verði í húsnæði lögregluvarðstofunnar. Við útibúið starfi einn starfsmaður en jafnframt verði fækkað um einn starfsmann á Akranesi. Þetta fyrirkomulag kallar á hækkun fjárveitinga árið 1994 til yfirstjórnar á Akranesi er nemur 0,5 m.kr.

Verði skrifstofuútibú starfrækt í Borgarnesi árið 1995 hækkar ofangreind áætlun um 0,6 m.kr.

Tafla 2.2 Sparnaður vegna skipulagsbreytingar (í m. kr.)

	Sparnaður 1993/1994		Sparnaður 1993/1995	
	Án útibús	M/útibúi	Án útibús	M/útibúi
Yfirstjórn	1,7	1,2	16,3	15,7
Löggæsla	5,9	5,9	3,3	3,3
Eignasala	10,0	10,0	0,0	0,0
Sparnaður alls	17,6	17,1	19,6	19,0

3. Sameining sýslumannsembættisins í Búðardal við sýslumannsembættið í Stykkishólmi

Í frumvarpi til fjárlaga 1994 er miðað við að sýslumannsembættið í Búðardal verði lagt niður frá og með 1. mars 1994 og stjórnsýsluumdæmi embættisins sameinist stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins í Stykkishólmi.

3.1 Starfsemi sýslumannsembættisins í Stykkishólmi

Á þjónustusvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 4.375 íbúar. Skrifstofa sýslumanns er í 430 m² ríkishúsnæði að Aðalgötu 7 og 283 m² embættisbústaður er að Aðalgötu 13. Skrifstofan er opin kl. 10:00-15:00. Opið er í hádeginu. Útibú og lögregluvarðstofa í Ólafsvík eru í 110 m² ríkishúsnæði að Ólafsbraut 34, opið kl. 09:00-16:00. Lokað er í hádeginu. Sýslumaður eða löglærður fulltrúi hans hafa fasta viðtalstíma á fimmtudögum í Grundarfirði kl. 10:00-12:00, á Hellissandi kl. 13:00-14:30 og í Ólafsvík kl. 15:00-16:00. Á skrifstofu í Stykkishólmi eru 10 störf þar af 1 í Ólafsvík. Í umdæminu eru 10 hreppstjórar. Í lögreglunni eru 9 störf og 3 lögregluvarðstofur; í Stykkishólmi, Grundarfirði og Ólafsvík. Í umdæminu eru 8 héraðslögreglumenn.

Lögreglan í Stykkishólmi er í 110 m² ríkishúsnæði að Nesvegi 1a. Í lögreglunni eru 3 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 13:00-24:00.

Lögreglan í Grundarfirði er í 50 m² leiguhúsnæði að Grundargötu 33. Í lögreglunni eru 2 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 13:00-24:00.

Í lögreglunni í Ólafsvík eru 4 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 13:00-24:00.

3.2 Starfsemi sýslumannsembættisins í Búðardal

Á þjónustusvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 869 íbúar. Skrifstofa sýslumanns og lögreglu er í 272 m² ríkishúsnæði að Miðbraut 11 og 280 m² embættisbústaður er að Búðarbraut 12a. Skrifstofan er opin kl. 09:00-15:30 Lokað er í hádeginu. Á skrifstofunni eru 3 störf. Í umdæminu eru 7 hreppstjórar.

Í lögreglunni er 1 starf. Vinnutími er jafnaði frá kl. 09:00-17:00. Í umdæminu eru 4 héraðslögreglumenn.

3.3 Forsendur sameiningar

Gert er ráð fyrir að við hið stækkaða embætti sýslumannsins í Stykkishólmi verði 10 störf á skrifstofu og 10 störf í lögreglu auk 17 hreppstjóra og 12 héraðslögreglumanna. Á skrifstofu fækkar því um 3 störf frá því sem nú er. Lögregluvarðstofa verði í Búðardal. Áætlað er að selja embættisbústað sýslumanns í Búðardal.

Tafla 3.1 Fjárveitingar til sýslumannsembættis í Stykkishólmi og Búðardal (í m. kr.)

	Stykkishólmur	Búðardalur	Samtals
Fjárheimild 1993			
Yfirstjórn	26,9	10,8	37,7
Löggæsla	37,1	4,2	41,3
Samtals	64,0	15,0	79,0
Frumvarp 1994			
Yfirstjórn	27,5	4,5	32,0
Löggæsla	39,7	0,7	40,4
Samtals	67,2	5,2	72,4
Áætlaður rekstrar- kostnaður 1995			
Yfirstjórn	---	---	27,5
Löggæsla	---	---	41,3
Samtals	---	---	68,8

Starfshópurinn gerir tillögu um að framlag á fjárlögum 1994 til yfirstjórnar í Búðardal hækki, einkum vegna biðlauna og orlofs, um 1,6 m.kr. og verði 6,1 m.kr. í stað 4,5 m.kr. Einnig er lagt til að 0,3 m.kr. framlag bætist við yfirstjórn í Stykkishólmi vegna endurmats á aksturskostnaði. Verði skrifstofuútibú með hálfu starfi starfrækt á Búðardal eftir 1. mars og gert ráð fyrir að það hafi aðsetur á sama stað og núverandi skrifstofa þarf að hækka framlag árið 1994 til yfirstjórnar í Stykkishólmi um 1,2 m.kr.

Verði útibú frá yfirstjórn starfrækt í Búðardal þarf að hækka framlag til yfirstjórnar um 1,5 m.kr.

Tafla 3.2. Sparnaður vegna skipulagsbreytingar (í m.kr.)

	Sparnaður 1993/1994		Sparnaður 1993/1995	
	Án útíbús	M/útíbúi	Án útíbús	M/útíbúi
Yfirstjórn	5,7	4,5	10,2	8,7
Löggæsla	0,9	0,9	0,0	0,0
Eignasala	6,5	6,5	0,0	0,0
Sparnaður alls	13,1	11,9	10,2	8,7

4. Sameining sýslumannsembættisins í Bolungarvík við sýslumannsembættið á Ísafirði

Í frumvarpi til fjárlaga 1994 er miðað við að sýslumannsembættið í Bolungarvík verði lagt niður frá og með 1. mars 1994 og stjórn-sýsluumdæmi embættisins sameinist stjórn-sýsluumdæmi sýslumannsins á Ísafirði.

4.1 Starfsemi sýslumannsembættisins á Ísafirði

Á þjónustusvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 5.204 íbúar. Skrifstofa sýslumanns, 474 m², og lögregluvarðstofa, 636m², eru í ríkishúsnæði að Hafnarstræti 1 og 280 m² embættisbústaður er að Urðarvegi 47. Skrifstofan er opin kl. 10:00-15:00. Opið er í hádeginu. Á skrifstofunni eru 14,25 störf. Í umdæminu eru 9 hreppstjórar.

Í lögreglunni eru 12 störf. Lögreglumenn ganga vaktir allan sólarhringinn. Í umdæminu eru 3 héraðslögreglumenn.

4.2 Starfsemi sýslumannsembættisins í Bolungarvík

Á þjónustusvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 1.194 íbúar. Skrifstofa sýslumanns og lögregluvarðstofa eru í 397 m² ríkishúsnæði að Aðalstræti 12, og 229 m² embættisbústaður er að Miðstræti 1. Skrifstofan er opin kl. 09:30-15:00. Lokað er í hádeginu. Á skrifstofunni eru 3,5 störf.

Í lögreglunni eru 2 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 12:00-24:00.

4.3 Forsendur sameiningar

Gert er ráð fyrir að við hið stækkaða embætti sýslumannsins á Ísafirði verði 14,25 störf á skrifstofu og 14 störf í lögreglu auk 9 hreppstjóra og 3 héraðslögreglumanna. Á skrifstofu fækkar því um 3,5 störf frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir að selja embættisbústað sýslumanns og aðsetur skrifstofu og lögreglu í Bolungarvík.

Tafla 4.1 Fjárveitingar til sýslumannsembættanna í Bolungarvík og Ísafirði (í m. kr.)

	Bolungarvík	Ísafjörður	Samtals
Fjárheimild 1993			
Yfirstjórn	11,0	38,1	49,1
Löggæsla	8,7	40,2	48,9
Tollgæsla		1,3	1,3
Samtals	19,7	79,6	99,3
Frumvarp 1994			
Yfirstjórn	4,4	38,3	42,7
Löggæsla	1,1	47,4	48,5
Tollgæsla		1,4	1,4
Samtals	5,5	87,1	92,6
Áætlaður rekstrar- kostnaður 1995			
Yfirstjórn	---	---	38,4
Löggæsla	---	---	48,5
Tollgæsla	---	---	1,4
Samtals	---	---	88,3

Starfshópurinn gerir tillögu um að framlag á fjárlögum 1994 til yfirstjórnar í Bolungarvík hækki, einkum vegna biðlauna og orlofs, um 0,8 m.kr. og verði 5,2 m.kr. í stað 4,4 m.kr. Vegna endurmats á starfsmannahörf er einnig lagt til að framlag til yfirstjórnar á Ísafirði lækki um 1,0 m.kr. Verði skrifstofuútbú með hálfu starfi starfrækt á Bolungarvík eftir 1. mars þarf að hækka framlag árið 1994 til yfirstjórnar á Ísafirði um 1,2 m.kr.

Verði skrifstofuútbú starfrækt í Bolungarvík 1995 hækkar ofangreind áætlun um 1,5 m.kr.

Tafla 4.2 Sparnaður vegna skipulagsbreytingar (í m.kr.)

	Sparnaður 1993/1994		Sparnaður 1993/1995	
	Án útibús	M/útbúi	Án útibús	M/útbúi
Yfirstjórn	6,4	5,2	10,7	9,2
Löggæsla	0,4	0,4	0,4	0,4
Sala eigna	5,0	5,0	0,0	0,0
Sparnaður alls	11,8	10,6	11,1	9,6

5. Sameining sýslumannsembættisins á Ólafsfirði við sýslumannsembættið á Akureyri

Í frumvarpi til fjárlaga 1994 er miðað við að sýslumannsembættið á Ólafsfirði verði lagt niður frá og með 1. mars 1994 og stjórnsýsluumdæmi embættisins sameinist stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins á Akureyri.

5.1 Starfsemi sýslumannsembættisins á Akureyri

Á þjónustusvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 19.572 íbúar. Skrifstofa sýslumanns er í 1400 m² ríkishúsnæði að Hafnarstræti 107. Skrifstofan er opin kl. 9:00-15:00. Opið er í hádeginu. Á skrifstofunni eru 32,2 störf. Í umdæminu eru 4 tollverðir og 9 hreppstjórar. Skrifstofuútibú er í 86 m² húsnæði í Ráðhúsinu á Dalvík. Skrifstofan er opin kl. 9:00-15:00. Opið er í hádeginu. Fastir viðtalstímar fulltrúa sýslumanns eru á miðvikudögum kl. 13:00-15:00. Í útibúinu er eitt starf.

Lögreglan á Akureyri er í 1200 m² ríkishúsnæði við Þórunnarstræti 140. Þar er einnig eitt af afplánunarfangelsum landsins. Í lögreglunni eru 32 störf auk 4 starfa fangavarða. Lögreglumenn ganga vaktir allan sólarhringinn. Í umdæminu eru 4 héraðslögreglumenn.

Lögreglan á Dalvík er í 117 m² ríkishúsnæði að Gunnarsbraut 6. Í lögreglunni eru 2 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 13:00-24:00.

5.2 Starfsemi sýslumannsembættisins á Ólafsfirði

Á þjónustusvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 1.205 íbúar. Skrifstofa sýslumanns er í 327 m² ríkishúsnæði að Ólafsvægi 3 og embættisbústaður er í sama húsi. Skrifstofan er opin kl. 10:00-15:00. Lokað er í hádeginu. Á skrifstofunni eru 3,5 störf. Í umdæminu er enginn hreppstjóri.

Lögreglan er í 72 m² ríkishúsnæði að Vesturgötu 17. Í lögreglunni eru 2 störf. Lögreglumenn ganga vaktir kl. 13:00-24:00. Í umdæminu er 1 héraðslögreglumaður.

5.3 Forsendur sameiningar

Gert er ráð fyrir að við hið stækkaða embætti sýslumannsins á Akureyri verði 32,2 störf á skrifstofu, 36 störf í lögreglu, 4 fangaverðir, 4 tollverðir auk 9 hreppstjóra og 5 héraðslögreglumanna. Lögregluvarðstofa verður á Ólafsfirði. Á skrifstofu fækkar því um 3,5 störf frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir að selja húsnæði sýsluskrifstofunnar á Ólafsfirði og embættisbústað sýslumanns.

Tafla 5.1 Fjárveitingar til sýslumannsembættis á Ólafsfirði og Akureyri (í m. kr.)

	Ólafsfjörður	Akureyri	Samtals
Fjárheimild 1993			
Yfirstjórn	11,5	72,3	83,8
Löggæsla	8,4	93,0	101,4
Fangelsi	---	12,8	12,8
Tollgæsla	---	5,0	5,0
Samtals	19,9	183,1	203,0
Frumvarptil fjárlaga 1994			
Yfirstjórn	5,0	71,9	76,9
Löggæsla	1,0	100,2	101,2
Fangelsi	---	12,8	12,8
Tollgæsla	---	4,9	4,9
Samtals	6,0	189,8	195,8
Áætlaður rekstrar- kostnaður 1995			
Yfirstjórn	---	---	70,9
Löggæsla	---	---	101,2
Fangelsi	---	---	12,8
Tollgæsla	---	---	4,9
Samtals	---	---	189,8

Starfshópurinn gerir tillögu um að framlag á fjárlögum 1994 til yfirstjórnar á Ólafsfirði hækki, einkum vegna biðlauna og orlofs, um 1,3 m.kr. og verði 6,3 m.kr. í stað 5,0 m.kr. Einnig er gerð tillaga um að lækka framlag til yfirstjórnar á Akureyri um 1,0 m.kr. vegna endurmats áætlunar um starfsmannþörf. Verði skrifstofuútbú með hálfu starfi starfrækt á Ólafsfirði eftir 1. mars og gert ráð fyrir að það hafi aðsetur í leiguhúsnæði þarf að hækka framlag árið 1994 til yfirstjórnar á Akureyri um 1,2 m.kr.

Verði skrifstofuútbú starfrækt á Ólafsfirði 1995 þarf að hækka ofangreinda áætlun um 1,5 m.kr.

Tafla 5.2 Sparnaður vegna skipulagsbreytingar (í m. kr.)

	Sparnaður 1993/1994		Sparnaður 1993/1995	
	Án útibús	M/útbúi	Án útibús	M/útbúi
Yfirstjórn	6,6	5,4	12,9	11,4
Löggæsla	0,2	0,2	0,2	0,2
Eignasala	7,0	7,0	0,0	0,0
Sparnaður alls	13,8	12,6	13,1	11,6

6. Sameining sýslumannsembættanna á Seyðisfirði og Neskaupstað við sýslumannsembættið á Eskifirði

Í frumvarpi til fjárlaga 1994 er miðað við að sýslumannsembættin á Seyðisfirði og Neskaupstað verði lögð niður frá og með 1. maí 1994 og stjórnýsluumdæmi embættanna sameinist stjórnýsluumdæmi sýslumannsins á Eskifirði.

6.1 Starfsemi sýslumannsembættisins á Eskifirði

Á þjónustuvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 3.895 íbúar. Skrifstofa sýslumanns og lögreglan eru í ríkishúsnæði að Strandgötu 52, 542 m², auk 200 m² embættisbústaðar að Lambeyrarbraut 4. Skrifstofan er opin kl. 08:00-15:00, opið er í hádeginu. Á skrifstofunni eru 8,5 störf. Í umdæminu eru 6 hreppstjórar. Á Djúpavogi er starfrækt skrifstofuútibú í 25 m² leiguhúsnæði. Opið er kl. 09:00-17:00. Ekki eru fastar ferðir sýslumanns í útibúið, en málum er sinnt eftir þörfum. Í útibúinu er 0,9 starf og sami aðili starfar einnig sem héraðslögreglumaður. Í lögreglunni eru 5 störf og 2 lögregluvarðstofur; á Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Í umdæminu eru 6 héraðslögreglumenn.

Í lögreglunni á Eskifirði eru 3 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 09:00-24:00.

Lögreglan á Fáskrúðsfirði er í 288 m² ríkishúsnæði að Skólavegi 53. Í lögreglunni eru 2 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 09:00-24:00.

6.2 Starfsemi sýslumannsembættisins á Seyðisfirði

Á þjónustuvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 5.011 íbúar. Skrifstofa sýslumanns er í ríkishúsnæði að Bjólfsgötu 7 114 m² og 211 m² embættisbústaður er að Miðtúni 13. Opið er kl. kl. 09:00-12:00 og kl. 13:30-15:30. Á skrifstofunni eru 8,5 störf þ.m.t. tollvörður. Í umdæminu eru 11 hreppstjórar. Á Vopnafirði er starfrækt skrifstofuútibú og lögregluvarðstofa í 300 m² leiguhúsnæði að Miðbraut 4. Fyrirhugað er að byggja nýtt húsnæði á næstu tveimur árum og er hönnun þess er á lokastigi. Opið er kl. 13:00-16:00. Í útibúinu er 0,5 starf. Sýslumaður sækir útibúið heim á mánaðarfresti. Á Egilsstöðum er starfrækt skrifstofuútibú og lögregluvarðstofa í 532 m² ríkishúsnæði að Lyngási 15. Opið er kl. 09:00-12:00 og kl. 13:30-15:30. Þar eru 2 störf, þar af einn löglærður fulltrúi. Í lögreglunni eru 5 störf og 3 lögregluvarðstofur; á Seyðisfirði, Egilsstöðum og Vopnafirði. Í umdæminu eru 11 héraðslögreglumenn.

Lögreglan á Seyðisfirði er í ríkishúsnæði að Hafnargötu 4A, 193 m². Í lögreglunni eru 2 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 13:00-24:00.

Í lögreglunni á Vopnafirði eru 1 starf. Vinnutími er að jafnaði frá kl. 15:30-23:00.

Í lögreglunni á Egilsstöðum eru 2 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 13:00-01:00.

6.3 Starfsemi sýslumannsembættisins á Neskaupstað

Á þjónustusvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 1.725 íbúar. Skrifstofa sýslumanns og embættisbústaður eru í 147 m² ríkishúsnæði að Miðstræti 18. Opið er kl. 09:00-15:30, lokað er í hádeginu. Á skrifstofunni eru 4,5 störf. Í umdæminu er einn hreppstjóri.

Lögreglan er í ríkishúsnæði að Melagötu 2a, 147 m². Í lögreglunni eru 2 störf. Lögreglumenn ganga vaktir frá kl. 10:00-24:00. Í umdæminu eru 4 héraðslögreglumenn.

6.4 Forsendur sameiningar

Gert er ráð fyrir að við hið stækkaða embætti sýslumannsins á Eskifirði verði 17 störf á skrifstofu og 12 störf í lögreglu auk 18 hreppstjóra og 21 héraðslögreglumanna. Á skrifstofu fækkar því um 7,5 störf frá því sem nú er. Lögregluvarðstofur og skrifstofuútibú verði á Vopnafirði, Seyðisfirði, Egilsstöðum, Neskaupstað og Fáskrúðsfirði. Útibú á Djúpavogi verði flutt undir sýslumanninn á Höfn með stækkun á stjórnsýsluumdæmi hans. Gert er ráð fyrir að selja embættisbústaði og skrifstofuhúsnæði á Seyðisfirði og Neskaupstað.

Tafla 6.1 Fjárveitingar til sýslumannsembætta á Seyðisfirði, Neskaupstað og Eskifirði (í m. kr.)

	Seyðis- fjörður	Neskaup- staður	Eski- fjörður	Samtals
Fjárheimildir 1993				
Yfirstjórn	26,3	13,7	24,6	64,6
Löggæsla	29,8	9,1	22,2	61,1
Tollgæsla	4,2	---	---	4,2
Samtals	60,3	22,8	46,8	129,9
Frumvarp 1994				
Yfirstjórn	14,7	8,0	35,7	58,4
Löggæsla	9,4	2,6	51,5	63,5
Tollgæsla	1,3	---	3,0	4,3
Samtals	25,4	10,6	90,2	126,2
Áætlun 1995				
Yfirstjórn	---	---	---	45,0
Löggæsla	---	---	---	63,5
Tollgæsla	---	---	---	4,3
Samtals	---	---	---	112,8

Starfshópurinn gerir tillögu um að framlag á fjárlögum 1994 til yfirstjórnar á Eskifirði hækki um 3,4 m.kr. vegna vanáætlaðra launa og aksturs og verði 39,1 m.kr. í stað 35,7 m.kr. Einnig hækki framlag til yfirstjórnar á Seyðisfirði um 2,0 m.kr. vegna biðlauna og orlofs og verði 16,7 m.kr í stað 14,7 m.kr. og af sömu ástæðu hækki framlag til yfirstjórnar á Neskaupstað um 1,0 m.kr. og verði 9,0 m.kr. í stað 8,0 m.kr.

Tafla 6.2 Sparnaður vegna skipulagsbreytingar (í m. kr.)

	Sparnaður 1993/1994	Sparnaður 1993/1995
Yfirstjórn	6,2	19,6
Löggæsla	- 2,4	-2,4
Eignasala	11,8	---
Sparnaður	15,6	17,2

7. Sameining sýslumannsembættisins í Vík við sýslumannsembættið á Hvolsvelli

Í frumvarpi til fjárlaga 1994 er miðað við að sýslumannsembættið í Vík verði lagt niður frá og með 1. mars 1994 og stjórnarsýsluumdæmi embættisins sameinist stjórnarsýsluumdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli.

7.1 Starfsemi sýslumannsembættisins á Hvolsvelli

Á þjónustusvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 3.290 íbúar. Skrifstofa sýslumannsins er í 140 m² ríkishúsnæði að Austurvegi 6, og 222 m² embættisbústaður er að Hlíðarvegi 17. Skrifstofan er opin kl. 09:00-15:30. Lokað er í hádeginu. Á skrifstofunni eru 6,5 störf. Í umdæminu eru 11 hreppstjórar.

Lögreglan er í 225 m² ríkishúsnæði að Hlíðarvegi 6. Í lögreglunni eru 4 störf. Lögreglumenn ganga vaktir kl. 13:00-24:00. Í umdæminu eru 8 héraðslögreglumenn.

7.2 Starfsemi sýslumannsembættisins í Vík

Á þjónustusvæði embættisins voru hinn 1. desember 1992 1.223 íbúar. Skrifstofa sýslumannsins ásamt lögreglustöð er í 190 m² leiguhúsnæði að Ránarbraut 1, og 210 m² embættisbústaður er að Sigtúni 2. Skrifstofan er opin kl. 09:30-15:30. Lokað er í hádeginu. Annan hvern miðvikudag kl. 10:00-12:00 hefur sýslumaður fasta viðtalstíma á Kirkjubæjarklaustri. Á skrifstofunni eru 4 störf. Í umdæminu er einn hreppstjóri.

Í lögreglunni er 1,5 starf. Vinnutími er að jafnaði kl. 13:00-21:00 eða kl. 16:00-24:00. Í umdæminu eru 4 héraðslögreglumenn.

7.3 Forsendur sameiningar

Gert er ráð fyrir að við hið stækkaða embætti sýslumannsins á Hvolsvelli verði 7,5 störf á skrifstofu og 5,5 störf í lögreglu auk 12 hreppstjóra og 12 héraðslögreglumanna. Á skrifstofu fækkar því um 3 störf frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir því að selja embættisbústað í Vík.

Tafla 7.1 Fjárveitingar til sýslumannsembætta í Vík og Hvolsvelli (í m. kr.)

	Vík	Hvols- völlur	Samtals
Fjárlagaheimildir 1993			
Yfirstjórn	12,7	17,7	30,4
Löggæsla	6,3	16,8	23,1
Samtals	19,0	34,5	53,5
Frumvarp til fjárlaga 1994			
Yfirstjórn	5,2	19,0	24,2
Löggæsla	0,8	16,7	17,5
Samtals	6,0	35,7	41,7
Áætlaður rekstrarkostnaður 1995			
Yfirstjórn	---	---	21,1
Löggæsla	---	---	22,8
Samtals	---	---	43,9

Starfshópurinn gerir tillögu um að framlag á fjárlögum 1994 til yfirstjórnar í Vík hækki um 0,6 m.kr. einkum vegna biðlauna og orlofs og verði 5,8 m.kr. í stað 5,2 m.kr. Einnig hækki framlag til yfirstjórnar á Hvolsvelli vegna aukins aksturs um 0,4 m.kr. og verði 19,4 m.kr. í stað 19,0 m.kr. Vegna villu í frumvarpi til fjárlaga hækki framlag til lögreglunnar á Hvolsvelli um 5,3 m.kr. og verði 22,0 m.kr. í stað 16,7 m.kr. Verði skrifstofuútibú með hálfu starfi starfrækt í Vík eftir 1. mars og gert ráð fyrir að það hafi aðsetur á sama stað og núverandi skrifstofa þarf að hækka framlag árið 1994 til yfirstjórnar á Hvolsvelli um 1,2 m.kr.

Verði skrifstofuútibú starfrækt í Vík árið 1995 hækkar ofangreind áætlun um 1,5 m.kr.

Tafla 7.2 Sparnaður vegna skipulagsbreytingar (í m. kr.)

	Sparnaður 1993/1994		Sparnaður 1993/1995	
	Án útibús	M/útibúi	Án útibús	M/útibúi
Yfirstjórn	5,2	4,0	9,3	7,8
Löggæsla	0,3	0,3	0,3	0,3
Eignasala	5,0	5,0	0,0	0,0
Sparnaður	10,5	9,3	9,6	8,1

8. Embætti á höfuðborgarsvæðinu

Í frumvarpi til fjárlaga 1994 er miðað við að sýslumannsembættin í Hafnarfirði og Kópavogi verði lögð niður frá og með 1. júlí 1994 og verkefnum þeirra deilt niður á aðrar stofnanir. Með því er stjórnsýsluskipan á höfuðborgarsvæðinu samræmd. Að breytingunni afstaðinni mun sama stjórnsýslustofnun annast framkvæmd viðkomandi málaflokks á höfuðborgarsvæðinu öllu þ.e. frá Hvalfjarðarbotni og suður fyrir Straum. Þessir verkþættir eru:

- a) Lögreglustjórn og löggæsla þ.m.t. skráning mála og úrvinnsla, meðferð ákærvalds, sektarinnheimta og útgáfa á ýmsum leyfum og skírteinum verði hjá lögreglustjóranum í Reykjavík.
- b) Innheimta opinberra gjalda verði annars vegar hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík og hins vegar hjá Tollstjóranum í Reykjavík.
- c) Sýslumannsverk þ.e. þinglýsingar, sífjamál, aðfarargerðir og nauðungarsala verði hjá sýslumanninum í Reykjavík.
- d) Umboðsstörf almannatrygginga sem aðallega eru vegna lífeyristrygginga og sjúkratrygginga verði hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Fækkun og stækkun stofnana getur haft jákvæð rekstrarleg og fagleg áhrif. Fleiri möguleikar eru innan stærri stofnana á að tryggja markvissa stjórnun, sveigjanleika og hagkvæman rekstur auk þess sem yfirstjórnarkostnaður er oft hlutfallslega lægri. Frá faglegu sjónarmiði tryggir stærð aukna möguleika á sérhæfingu auk þess sem afl stofnunarinnar á að vera meira til að takast á við einstök forgangsverkefni.

Ekki er vafi á því að sýslumannsembættin í Kópavogi og Hafnarfirði eru meðal ódýrustu sýslumannsembættum landsins þegar miðað er við kostnað á hvern íbúa í umdæmunum. Það útilokar þó ekki að mögulegt sé að inna þessi störf af hendi á hagkvæmari hátt í stærri stofnunum með sama eða betri árangri.

Mun erfiðara er að áætla þann sparnað sem leiða mun af fyrirhuguðum breytingum á höfuðborgarsvæðinu, en sparnað utan höfuðborgarsvæðisins þar sem á höfuðborgarsvæðinu er ekki um að ræða sameiningu stofnana, heldur að tvær stofnanir hverfa og verkefni þeirra deilast niður á aðrar stofnanir. Óvissan felst m.a. í því að hve miklu leyti þarf að auka afkastagetu þeirra stofnana sem við verkefnum taka og að hve miklu leyti áður vannýtt afkastageta nýtist.

Breytingar á höfuðborgarsvæðinu tengjast öðrum skipulagsmálum sem verið er að vinna að, bæði í dómsmálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Þessi skipulagsmál eru:

1. Breytt skipulag löggæslu.
Nefnd á vegum dómsmálaráðherra sem endurskoðar skipulag lögreglumála mun á næstunni skila álitinu sínu. Tillögur nefndarinnar geta haft áhrif á skipulag lögreglumála á höfuðborgarsvæðinu t.d. hvað varðar hlutverk Rannsóknarlögreglu ríkisins. Einnig geta hugmyndir sem uppi hafa verið um stofnun embættis ríkislögreglustjóra og hvert starfssvið hans yrði, haft áhrif á skipan þessara mála.
2. Breytt skipulag innheimtumála.
Fjármálaráðherra hefur skipað starfshóp til að endurskoða skipulag innheimtumála á höfuðborgarsvæðinu. Áformað er að hópurinn leggi mat á eftirfarandi hugmyndir:
 - a. Að innheimta opinberra gjalda ríkissjóðs verði sameinuð undir einni stofnun í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur. Í dag annast fjórir aðilar þessa innheimtu, þ.e. gjaldheimtan í Reykjavík, gjaldheimtan á Seltjarnarnesi, gjaldheimtan í Mosfellsbæ og tollstjórinn í Reykjavík.
 - b. Að innheimta opinberra gjalda ríkissjóðs í þremur stjórnsýsluumdæmum verði sameinuð undir einni stofnun, þ.e. í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar. Í dag annast sjö aðilar þessa innheimtu, þ.e. gjaldheimtan í Reykjavík, gjaldheimtan á Seltjarnarnesi, gjaldheimtan í Mosfellsbæ, gjaldheimtan í Garðabæ, sýslumaðurinn í Kópavogi, sýslumaðurinn í Hafnarfirði og Tollstjórinn í Reykjavík.
 - c. Hvort fela eigi innheimtustofnun, sbr. lið a. og b. að gegna hlutverki samræmingar og leiðbeiningar á landsvísu.

Starfshópurinn leggur áherslu á að samhliða breytingu á stjórnsýslu á höfuðborgarsvæðinu verði gerðar stjórnsýsluúttektir á skipulagi, stjórnun og virkni þeirra stofnana sem eiga að taka við verkefnum sýslumannanna í Hafnarfirði og Kópavogi og gripið til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að tryggja skilvirka stjórnun, framleiðni og afköst þessara stofnana, þannig að þær séu vel í stakk búnar að taka við auknum verkefnum.

Jafnframt leggur hópurinn áherslu á að sett verði í gang skipulögð vinna sem miði að því að skoða hvaða verkþætti sem sýslumannsembættin sinna má framkvæma á einfaldari hátt en nú tíðkast, þ.á.m. með auknum tölvusamskiptum t.d. varðandi veðbönd, pappírslaus viðskipti og tengingu við afgreiðslur banka, pósthúsa og þjónustukerfi þeirra.

8.1 Embætti sýslumannsins í Reykjavík

Hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík eru 49 störf, en gert er ráð fyrir 65 störfum eftir breytinguna. Embættið í Reykjavík skiptist í 6 deildir: Aðfarardeild, uppboðsdeild,

þinglýsingadeild, sífjædeild, skiptadeild og rekstrardeild. Deildarskipting í stækkuðu embætti verður væntanlega með svipuðu sniði. Huga þarf að húsnæðisþörf embættisins t.d. með því að semja um stærra rými í núverandi húsnæði eða undirbúa flutning þess. Starfshópurinn gerir tillögu um að fjárveiting til embættisins í frumvarpi til fjárlaga 1994 hækki um 9,5 m.kr. vegna mistaka við frumvarpsgerð en á móti komi lækun um 5,0 m.kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar um starfsmannþörf. Fjárveiting til embættisins 1994 á fjárlagalið 06-410 hækki þannig um 4,5 m.kr. og verði 83,6 m.kr. í stað 79,1 m.kr. en fjárveiting á fjárlagalið 06-411 verði óbreytt 59,9 m.kr.

8.2 Embætti lögreglustjórans í Reykjavík

Gert er ráð fyrir að öllum lögreglumönnum sem starfa við sýslumannsembættin í Hafnarfirði og Kópavogi verði boðin störf hjá stækkuðu embætti lögreglustjórans í Reykjavík og er fjárveiting hækkuð á móti. Er þar um 59 störf að ræða. Gerð er hagræðingarkrafa til embættisins þannig að fjárveiting sem nemur hlutdeild yfirstjórnar vegna lögreglustjórnar í Kópavogi og Hafnarfirði sem áætluð er 27 m.kr. á ársgrundvelli verði ekki færð á nýja embættið. Starfshópurinn leggur til að framlag til embættisins verði óbreytt frá því sem er í frumvarpi til fjárlaga 1994. Embætti lögreglustjórans í Reykjavík hefur verið innan marka fjárheimilda á undanförunum árum og flutt fjárheimildir milli ára.

8.3 Tryggingastofnun ríkisins

Kostnaður sýslumannsembættanna í Hafnarfirði og Kópavogi vegna umboðsstarfa fyrir Tryggingastofnun ríkisins er talinn vera um 43 m.kr. á ársgrundvelli. Ekki er talið að stofnunin þurfi að auka kostnað sinn sem þessu nemur við breytinguna. Talin er þörf á að hafa útibú í Hafnarfirði sem einkum sinni upplýsingaþjónustu en aðalafgreiðsla T.R. við Laugaveg sinni þjónustu við Kópavogsbúa. Starfshópurinn gerir tillögu um að fjárveiting til stofnunarinnar hækki um 5 m.kr. frá því sem er í frumvarpi til fjárlaga 1994 og verði 393,5 m.kr. í stað 388,5 m.kr.

8.4 Gjaldheimtan og Tollstjórinn í Reykjavík vegna innheimtu

Áætlað er að um 75% af heildarkostnaði Gjaldheimtunnar í Reykjavík sé fastur kostnaður. Kostnaður hjá embættunum í Hafnarfirði og Kópavogi vegna innheimtumála er talinn vera um 50 m.kr. á ári. Hagkvæmni stærðar kemur almennt fram í innheimtumálum á þann hátt að kostnaður lækkar með auknu umfangi. Starfshópurinn gerir tillögu um að fjárveiting til Gjaldheimtunnar hækki um 10 m.kr. frá því sem er í frumvarpi til fjárlaga 1994 og verði 146,0 m.kr. í stað 136,0 m.kr. Gert er ráð fyrir að Tollstjóri mæti auknum verkefnum með hagræðingu.

8.5 Tollstjórinn í Reykjavík

Rekstur tolladeildar við embætti sýslumannsins í Hafnarfirði kostar um 10,6 m.kr. á ári og ekki er gert ráð fyrir að sparnaður náist svo neinu þó starfsemin flytjist til Tollstjórans í Reykjavík. Starfshópurinn gerir tillögu um að fjárveiting til Tollstjórans í Reykjavík hækki um 5,0 m.kr. frá því sem er í frumvarpi til fjárlaga og verði 237,6 m.kr. í stað 232,6 m.kr.

8.6 Sparnaður

Miðað er við að þessi sparnaður náist vegna ofangreindra aðgerða:

Tafla 8.1 Sparnaður vegna skipulagsbreytingar (í m. kr.)

	Sparnaður 93/94	Sparnaður 93/95
Sýslumannsembættin án lögr.	30,0	52,0
Löggæsla	33,0	49,0
Gjaldheimtan í Reykjavík	- 10,0	- 20,0
Tryggingastofnun ríkisins	- 5,0	- 10,0
Tollstjórinn í Reykjavík	- 5,0	- 10,0
Sala eigna (Auðbrekka 10)	50,0	0
Samtals	93,0	61,0

9. Dómstólar á Norðurlandi

Í frumvarpi til fjárlaga 1994 er gert ráð fyrir að sameina héraðsdómstóla á Norðurlandi. Gert er ráð fyrir að dómari sem nú starfar við Héraðsdóm Norðurlands vestra á Sauðárkróki flytjist til Héraðsdóms Norðurlands á Akureyri. Hálf starf ritara við Héraðsdóm Norðurlands vestra verði lagt niður. Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur í 100 m² leiguhúsnæði í stjórnsýsluhúsnæðinu á Sauðárkróki og embættisbústaður er í Háuhlíð 10, 210 m². Eftir breytingu verði 7 störf við Héraðsdóm Norðurlands.

Tafla 9.1 Fjárveitingar til dómstóla á Norðurlandi (í m. kr.)

	Dómstóll N. Vestra	Dómstóll N. Eystra	Samtals
Fjárlög 1993	8,2	22,9	31,1
Frumvarp 1994	3,7	27,0	30,7
Áætlaður rekstrarkostnaður	---	---	29,0

Tafla 9.2 Sparnaður vegna skipulagsbreytingar (í m. kr.)

	Sparnaður 1993/1994	Sparnaður 1993/1995
Héraðsdómur	0,4	2,1
Sala húsnæðis	12,1	0,0
Samtals	12,5	2,1

10. Samantekt

Gert er ráð fyrir að sparnaður vegna þessara breytinga geti á árinu 1994 numið u.þ.b. 185 m.kr., þar af 107 m. kr. vegna sölu eigna. Á árinu 1995 er rekstrarsparnaður áætlaður u.þ.b. 140 m. kr.

Tafla 9.1. Sparnaður vegna skipulagsbreytingar

	Sparnaður 1993/1994		Sparnaður 1993/1995	
	Án útibús	M/útibúi	Án útibús	M/útibúi
Akranes/Borgarnes	17,6	17,1	19,6	19,0
Stykkishólmur/Búðardalur	13,1	11,9	10,2	8,7
Ísafjörður/Bolungarvík	11,8	10,6	11,1	9,6
Akureyri/Ólafsfjörður	13,8	12,6	13,1	11,6
Eskifjörður/Seyðisfjörður/Nesk.	15,6	15,6	17,2	17,2
Hvolsvöllur/Vík	10,5	9,3	9,6	8,1
Sýslumannsembætti á höfuðborgarsv.	93,0	93,0	61,0	61,0
Héraðsdómsstólar á Norðurlandi	12,5	12,5	2,1	2,1
Samtals	187,9	182,6	143,9	137,3